



FJÖLMENNING Í FINNSKUM GRUNNSKÓLUM



Námsferð skólastjóra í Reykjavík til Helsinki, Finnlandi

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
2004

**Fjölmening
í
finnskum grunnskólum**

**Námsferð skólastjóra í Reykjavík
til Helsinki í Finnlandi
6. – 14. apríl 2002**

**Ritstjóri:
Guðmundur Þór Ásmundsson**

**Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
2004**

Efnisyfirlit

I. Inngangur	4
II. Skólakerfið í Finnlandi	6
Forskóli	6
Grunnskóli.....	6
Framhaldsskólastig	8
Æðri menntastofnanir.....	8
III. Fjölmening - nýbúar	9
Stuðningur við innflytjendur	9
Alþjóðahús	10
Áhrif	10
IV. Velgengni í PISA-könnuninni	11
V. Heimsóknir í skóla	12
Kruununhaan yläaste.....	12
Meri-Rastila	14
Åshöjden skole.....	15
Topparinmäen	16
Alppilan	18
Maunulan Yhteiskoulun yläaste	19
Siltämäen	20
Etu-Töölön.....	20
VI. Samantekt og samanburður við Reykjavík	21
Skólakerfi	21
Mönnun skólanna.....	21
Húsnæði og búnaður	22
Stuðningur við erlenda nemendur í skólum	23
Alþjóðleg borg	23
Lokaorð	25

I. Inngangur

Náms- og kynnisferðir fræðslustjóra með hluta af hópi skólastjóra í Reykjavík til útlanda hafa verið árlegur viðburður í starfi Fræðslumiðstöðvar undanfarin ár og árið 2002 var ekki gerð undantekning á því. Markmið þessara ferða er að kynnast því sem er verið að gera í skólakerfum og skólum þeirra landa sem heimsótt eru, læra af því sem vel er gert og forðast það sem ekki hefur tekist sem skyldi. Þannig eru þessar ferðir hluti af símenntun innan fræðslumála í Reykjavík, leið til þess að kynnast því sem er nýjast og árangursríkast hjá öðrum þjóðum og á sama tíma tækifæri til þess að greina og sjá fyrir eða fá staðfestingu á þeirri þróun sem framundan er í skólamálaum, að því gefnu að þeir sem heimsóttir eru standi okkur framar.

Að þessu sinni var ákveðið í Samráði fræðslustjóra og skólastjóra að leita upplýsinga um það hvað væri að gerast í fjölmeningarlegri kennslu og þjónustu skóla við þá nemendur sem hafa annað móðurmál en innfæddir. Ástæða þess er nokkuð augljós þar sem umfjöllun um þessi atriði er að verða æ áleitnari í okkar samfélagi með auknum fjölda íbúa af öðru bergi brotnir en íslensku.

Niðurstaðan varð sú að fara til höfuðborgar Finnlands, Helsinki, þar sem við töldum að Finnar væru nokkuð á undan okkur í þessum málum, þó ekki svo langt á undan sem Danir, Svíar eða Bandaríkjamenn. Við töldum okkur fremur geta lært af þeim sem væru rétt á undan okkur fremur en þeim sem væru í órafjarlægð.

Eftir að Helsinki hafði verið valin sem ákvörðunarstaður varð annað markmið ferðarinnar að heyra skýringar skólamanna í Finnlandi á velgengni landsins í PISA-könnuninni. Þetta er alþjóðleg könnun sem lögð var fyrir árið 2000, en þar urðu Finnar í fyrsta sæti. Áherslur í könnuninni að þessu sinni voru á lestur, stærðfræði og náttúrufræði.

Eftirtaldir völdust til ferðarinnar:

Árni Magnússon	skólastjóri	Hlíðaskóli
Daníel Gunnarsson	skólastjóri	Ölduselsskóli
Guðbjörg Þórisdóttir	skólastjóri	Breiðagerðisskóli
Guðmundur Sighvatsson	skólastjóri	Austurbæjarskóli
Haraldur Finnsson	skólastjóri	Réttarholtsskóli
Helgi Grímsson	skólastjóri	Laugarnesskóli
Hildur Hafstað	skólastjóri	Engjaskóli
Kristín G. Andrésdóttir	skólastjóri	Vesturbæjarskóli
Kristjana M. Kristjánsdóttir	skólastjóri	Grandaskóli
Óskar Einarsson	skólastjóri	Fossvogsskóli
Valgerður Selma Guðnadóttir	skólastjóri	Húsaskóli
Örn Halldórsson	skólastjóri	Selásskóli
Gerður G. Óskarsdóttir	fræðslustjóri	Fræðslumiðstöð
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir	forstöðumaður	Fræðslumiðstöð
Guðmundur Þór Ásmundsson	skrifstofustjóri	Fræðslumiðstöð
Hrannar B. Arnarsson	fræðsluráði	
Sigrún Magnúsdóttir	fræðsluráði	
Hans Agnarsson	maki	

Við undirbúning ferðarinnar nutum við einstakrar aðstoðar fræðsluskrifstofunnar í Helsinki, þá einkum alþjóðafulltrúans þar, Eeva Penttilä. Frábær undirbúningur hennar varð til þess að hvergi voru hnökur á heimsókninni og allar tímasetningar stóðust. Þá nutum við einnig frábærrar gestrisni fræðslustjórans í Helsinki, Rauno Jarnila og starfsfólks hans. Þátttakendur í ferðinni skiptu með sér að skrifa einstaka kafla þessarar skýrslu.

Dagskrá ferðarinnar var eftirfarandi:

Laugardagur 6. apríl

07.40

Brottför frá Keflavík

16.20

Lent í Helsinki. Gist á Scandic Hotel Continental Helsinki, Mannerheimintie 46/48

Sunnudagur 7. apríl

Fundur á hótelinu. Eeva Penttilä, forstöðumaður fjölþjóðasamskipta fræðsluskrifstofunnar í Helsinki, fer yfir fyrirkomulag og dagskrá heimsóknarinnar

Mánudagur 8. apríl

09.30– 11.30

The National Board of Education heimsótt

Finnska menntakerfið og niðurstöður PISA rannsóknar

Ritva Jakku-Sihvonen

11.45 – 12.45

Hádegisverður í veitingahúsinu Opetusneuvos í boði fræðsluskrifstofu Helsinki, gestgjafi Eeva Penttilä

13.00 – 16.00

Dagskrá á fræðsluskrifstofu Helsinki

Þema: Hlutverk sveitarfélaga og sjálfstæði skóla í finnska skólakerfinu

Námskrá og gæðamat í Helsinki

Menntun og skólaganga innflytjenda

Menntun og skólaganga barna með fjölþjóðlegan bakgrunn

Framsögn:

Rauno Jarnila, fræðslustjóri

Paula Sermilä, sviðsstjóri grunnmenntunar

Irmeli Halinen, deildarstjóri grunnmenntunar

Katri Kuukka, kennsluráðgjafi nýbúa

Eeva Penttilä, forstöðumaður fjölþjóðasamskipta

19.00

Kvöldverður í boði Rauno Jarnila, fræðslustjóra Helsinki

Þriðjudagur 9. apríl

Skólaheimsóknir

Miðvikudagur 10. apríl

Skólaheimsóknir fyrir hádegi, frjálst eftir hádegi.

Fimmtudagur 11. apríl

09.00 – 12.00

Heimsókn í MEDIA CENTRE

12.00 – 12.45

Ekið til Roihuvuori verkmenntaskólans

12.45 – 14.00

Hádegisverður undirbúinn og framreiddur af nemendum skólans

14.00 – 16.00

Kennsla nýbúa í Roihuvuori verkmenntaskólanum

Tuula Lapila, skólameistari

Föstudagur 12. apríl

09.30 – 12.00

CAISA, þjónustumiðstöð fyrir innflytjendur

15.34

Brottför til St. Pétersborgar með lest. Gist á Radisson SAS Royal Hotel St. Petersburg, Nevsky 49, StPetersburg 191025

Laugardagur 13. apríl

Dvalið í St. Pétersborg, skipulögð skoðunarferð

Sunnudagur 14. apríl

Heimför með viðkomu í Kaupmannahöfn

Eins og sjá má af dagskránni þá notaði hópurinn tækifærið og tók sér aukalega ógleymanlegan krók í lokin til St. Pétersborgar þar sem hver mínúta var frábærlega skipulögð af Pétri Óla Péturssyni.


II. Skólakerfið í Finnlandi

Forskóli

Almenn skólaskylda hefst við 7 ára aldur en öll börn eiga kost á eins árs forskólanámi þeim að kostnaðarlausu. Öll sveitarfélög eru skyldug til að tryggja börnum þennan valkost. Þessi starfsemi er ýmist rekin innan grunnskólans eða á dagvistunarstofnunum og þá í nánum tengslum við grunnskólann. Um 90% 6 ára barna þiggur þessa þjónustu. Forskólinn heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Grunnskóli

Skólaskylda er frá 7 til 16 ára aldurs eða 9 ár en heimilt er að bæta við tíunda árinu ef nemendur ná ekki tilskyldum árangri til þess að fara í framhaldsskóla. Í Helsinki eru það 3% nemenda sem nýta þetta tilboð. Grunnskólinn er öllum að kostnaðarlausu þ.e. bækur, námsgögn, skólamáltíðir og heilsugæsla. Sveitarfélögin sjá um skólaakstur þar sem þörf er á.



Skólaárið er 190 kennsludagar og hefst um miðjan ágúst. Það eru 38 vikur í skólaárinu. Lengd kennslustunda er 45 mínútur. Kennslustundafjöldi í 1. – 3. bekk eru um 22 stundir, í 4. – 6. bekk um 24 stundir og í 7. – 9. eru um 30 kennslustundir.¹ Til er lögbundin viðmiðunarstundaskrá sem gefur þó einhvern sveigjanleika. Hér má sjá framkvæmdina í einum þeirra skóla sem heimsóttir voru:

Bekkur	Tungumál					Raungreinar			List- og verkgreinar										Umr. í 40 mínútur		
	Finnska	Enska	Franska/þýska	Sænska	Annað	Stærðfræði	Liffræði	Eðlis-/efnafræði	Handmennt	Myndmennt	Tónmennt	Leikfimi	Heimilisfræði	Leiklist	Saga	Trúarbrögð	Fjárlist	Kjarni		Vaggreinar	Hámark
9	3	3	2	2	2	3	3	2	1	1	1	2	1	1	1	1	1	26	6	32	36,0
8	3	3	2	2	2	3	2	2	1	1	1	2	1	1	2	1	1	26	6	32	36,0
7	3	2	2	2		3	2	2	1	1	1	2	1	1	2	1		24	6	30	33,8
6	3	2	2			3	3	1	2	1	1	2	1	1	2	1		23	2	25	28,1
5	4	2	2			4	3		2	1	1	2		1	2	1		23	2	25	28,1
4	5	2	2			4	3		2	1	1	2		1		2		23	1	24	27,0
3	5	2				4	3		2	1	1	2		1		2		23	1	24	27,0
2	6	1				4	2		1	1	1	2		1		1		20	1	21	23,6
1	6	1				4	2		1	1	1	2		1		1		20	1	21	23,6
	38	18	12	6	4	32	23	7	13	9	9	18	4	9	9	11	2	26			

Í Finnlandi eru tvö opinber tungumál. Um 93% hafa finnsku sem móðurmál en aðeins 5% sænsku og 2% annað móðurmál. Allir nemendur þurfa að læra það opinbera tungumál sem ekki er þeirra móðurmál en hafa val um hvort það sé þeirra fyrsta eða

¹ Ef þessum stundum er breytt í 40 mín. Stundir samsvara þær 24,8 stundum í 1.-3. bekk, 27 stundum í 4.-6. bekk og 33,8 stundum í 7.-9. bekk.

annað erlenda mál. Nær 90% nemenda velja ensku sem þeirra fyrsta erlenda mál. Tungumálanám hefst við 8 ára aldur, næsta mál við 11 ára aldur og þriðja erlenda mál (val) frá 13 ára aldri.

Öll börn eiga rétt á að sækja grunnskóla nálægt heimili. Í Helsinki geta foreldrar valið um skóla fyrir börn sín og eru það um 20% sem velja annað en hverfisskólann. Hverfisskólinn tekur á móti öllum í hverfinu en er opinn fyrir aðra meðan þar er pláss. Velji foreldrar skóla fjarri heimili, þ.e. yfir 3 km, fá þeir fría strætómiða, þ.e. opinn miða sem gildir hvenær sem er. Sókn nemenda í skóla utan hverfis eykst með hækkuðum aldri. Fram kom að ein ástæðan væri sú að unglingar sæktu í að fá strætókort.



Í Helsinki er boðið upp á grunnskóla þar sem öll kennsla fer fram á ensku. Þessir skólar eru fyrst og fremst fyrir þá sem tala ekki finnsku eða sænsku eða stefna á að starfa í „alþjóðasamfélaginu“.

Í Finnlandi eru ekki samræmd próf. Aðspurðir sögðu viðmælendur okkar að Finnar hefðu ekki trú á samræmdum prófum og teldu tímanum sem eytt er í próf betur varið til kennslu. Hver skóli á að innleiða mat á námi nemenda og treysta þeir á fagmennsku kennarans. Öfugt við íslenska kerfið er meðaltal í bekk lægra í eldri deildum en yngri. Í yngri bekkjum er að meðaltali 22 – 26 nemendur í bekk en í eldri bekkjum eru 16 – 20 nemendur. Fyrstu 6 árin byggist kennslan á umsjónarkennurum sem kenna allar greinar. Síðustu þrjú árin taka faggreinakennarar við kennslunni. Öll börn eiga rétt á sérkennslu ef þörf er á, annað hvort innan skólans eða í sérskólum.

Fræðsluráð Helsinki sem í sitja 11 stjórnámamenn hefur eftirlit með því að fræðslumál séu innan fjárhagsramma, skóladagatölum og einnig að stefnumörkun ráðsins og borgarstjórnar sé framkvæmd o.fl. Hver skóli hefur skólastjórn. Í henni sitja foreldrar og fulltrúar starfsmanna skólanna.



Framhaldsskólastig

Þegar grunnskóla lýkur taka við framhaldsskólar þar sem hægt er að velja sér bóklegt eða verklegt nám. Báðar skólagerðir fylgja námskrá sem sett er af menntamálaráðuneyti Finnlands. Bóklega námið er miðað við að það taki þrjú ár en hægt er að ljúka því á tveimur til fjórum árum. Námskráin miðast við að undirbúa nema undir lokapróf sem gerir þeim kleift að stunda frekara nám. Í Finnlandi eru um 450 framhaldsskólar og eru þeir allir reknir af sveitarfélögunum.

Starfsmenntanám er eins og það bóklega, miðað við þriggja ára nám. Nemendur eiga greiða leið milli þessara tveggja skólagerða. Starfsmenntanám miðast þó frekar við að þjálfna nema til að fara á vinnumarkaðinn að loknu námi. Nema geta þó farið í frekara nám eftir starfsmenntanámið þó ekki í háskóla. Mikill meirihluti nema sem ljúka grunnnámi fara í einhvers konar framhaldsnám. Orsökina má líklega finna í því að unglingar án atvinnu fá ekki greiddar atvinnuleysisbætur og atvinnumöguleikar eru litlir.

Skólakerfið er þannig byggt upp að nemendur geta auðveldlega farið á milli námsbrauta. Um helmingur árgangs lýkur stúdentsprófi og um 25-30% starfsmenntanámi.

Æðri menntastofnanir

Æðri menntastofnanir í Finnlandi eru tvenns konar: *tækni- eða starfsmenntunarskólar og háskólar*. Tækniskólum er ætlað að koma til móts við þarfir og kröfur atvinnulífsins. Nám í tækniskóla tekur yfirleitt 3½-4 ár. Í tveimur tækniskólum í Helsinki fer kennslan fram á ensku.

Háskólar leggja áherslu á vísindi og rannsóknarstörf og haga sinni kennslu út frá því. Fjöldatakmörkanir (númerus clausus) takmarka verulega inngöngu í háskóla. Á sumum námssviðum er þess krafist að nemendur fari í starfsmenntanám áður en þeir fara í háskólann. Slík starfsmenntun er dýr (1.500 evrur fyrir þriggja mánaða námskeið)² og skýrir þetta ef til vill að aðeins 30% þeirra sem fara í æðra framhaldsnám fara í háskóla en 70% í tækniskóla. Nemendur sem hefja nám í tækniskóla hafa síðan tækifæri til að fara í háskóla.

² Ein evra jafngildi 87,83 ísl. kr. í apríl 2002. Þessi upphæð jafngildir því um 132.000 ísl. kr.

III. Fjölmening - nýbúar

Um 5% íbúa Helsinki eru útlendingar (með erlendan ríkisborgararétt; 2% í Finnlandi öllu) og þar er um þriðjungur útlendinga í landinu almennt. Innflytjendum fór að fjölga mjög mikið í Helsinki á níunda áratug síðustu aldar. Vaxandi þörf er fyrir erlent vinnuafl í borginni þar sem árgangar fara minnkandi, en eftir árið 2010 er gert ráð fyrir að fjöldi fólks á vinnumarkaðsaldri muni minnka um 0.5% á ári. Talið er vandamál að útlendingar af sama þjóðerni halda hópinn og blandast því seint eða ekki íbúum sem fyrir eru. Samkvæmt nýlegri könnun sagðist um helmingur útlendinga hafa orðið fyrir fordómum á götum úti og nánast allir á vinnustað. Nú er um þriðjungur útlendinga í Helsinki atvinnulaus.



Flestir innflytjendur koma frá Sómalíu og fyrrverandi Sovétríkjum. Í kynningu sem hópurinn fékk kom fram að í Helsinki hafa menn áhyggjur af búsetu flóttamanna. Innflytjendur streyma til Helsinki frá öðrum hlutum landsins og flytja þá í félagslegar íbúðir sem einkum er að finna í austurhluta borgarinnar. Þar búa þeir innan um finnskar fjölskyldur sem eig Sovétríkjum í miklum félagslegum vanda. Reynt er að



koma í veg fyrir myndun undirmálshverfa með því að byggja upp blönduð hverfi en safna ekki félagslegum íbúðum saman í hverfi. Sómalskar fjölskyldur eru stórar og eru fjölskyldubönd og félagsleg tengsl milli fjölskyldna mikil. Sómali stofna ungir til hjónabands og fara þar með snemma út á vinnumarkaðinn í láglauastörf.

Stuðningur við innflytjendur

Allir útlendingar eiga rétt á námskeiði í finnsku sér að kostnaðarlausu og í gangi eru hið minna og hið stærra stöðupróf í finnsku sem sumir atvinnurekendur miða við þegar þeir ráða útlendinga í vinnu. Allir innflytjendur eiga rétt á kennslu sem miðar að almennri aðlögun í eitt ár. Þetta nær til

- kennslu í finnsku
- íþróttaiðkunar
- kennslu í samfélagsfræði

Finnar fá styrk frá Evrópusambandinu til að sinna þessu verkefni.

Öllum erlendum nemendum sem setjast í finnska skóla er boðið að setjast í eins árs móttökudeildir. Þar er þeim kennd finnska og einnig fá þeir kynningu á finnsku samfélagi. Síðan stendur nemendum til boða að fá kennslu í móðurmáli sínu, tvo tíma á viku í heimaskóla, ef nemendur með sama tungumál eru 4-5 í viðkomandi skóla.

Annars eru nemendahópar sameinaðir úr fleiri skólum. Kennd eru um 40 tungumál í skólum borgarinnar. Í Helsinki eru einnig skólar sem starfa á öðru tungumál en finnsku (gjarnan einkaskólar sem taka skólagjöld) eða sérstakir bekkir sem eru annað hvort tvítyngdir eða kenna alfarið á öðru tungumáli en finnsku.

Lögbundið er að allir nemendur af erlendum uppruna fái í tvær vikustundir kennslu í móðurmáli sínu og fer kennslan fram í skólanum. Þó getur þurft að aka nemendum á milli skóla til að ná lágmarksfjölda í hóp sem eru þrír nemendur.

Í verkmenntaskóla á framhaldsskólastigi, þar sem 13% af 150 nemendum voru innflytjendur, var stofnuð sérstök braut til að mennta starfsmenn sem starfa við ræstingar. Um er að ræða starfstengt þriggja anna nám. Þeir sem velja þetta nám eru sumir atvinnulausir og eldri en nemendur á öðrum brautum. Sumir innflytjendur fá betri atvinnu en flóttafólk. Margir starfa við hátækniðnað hjá stórfyrirtækjum svo sem Nokia.

Í einum skóla borgarinnar eru um það bil 350 nemendur og þar af eru 25% innflytjendur. Móttökudeild er í skólanum þar sem nemendur fá sérstakan stuðning. Skipulögð foreldravöld voru í skólanum þar sem reynt var að fá foreldra úr hópi innflytjenda til samstarfs um sérstök menningarkvöld. Athygli vakti að á jólaföstu var ekkert sérstaklega gert með kristna trú í skólanum.

Alþjóðahús

Alþjóðahús sambærilegt við alþjóðahúsið í miðbæ Reykjavíkur var stofnað í hjarta Helsinki árið 1995 til að styðja Helsinki sem alþjóðlega borg og vera miðstöð fyrir útlendinga í borginni. Á kynningu þar kom fram að innflytjendum og flóttamönnum fjölgaði mjög á þeim tíma. Alls eru um 30 slíkar stöðvar í Finnlandi.

Eitt meginverkefnið Alþjóðahússins er að vinna fyrirbyggjandi starf til að koma í veg fyrir að innflytjendur verði utangarðs í borginni og reyna að vinna gegn fordómum og veita innflytjendum félagslegan og menningarlegan stuðning til þess að auðvelda þeim að aðlagast samfélaginu. Alþjóðahúsið heyrir undir menningarmálasvið borgarinnar en fjármagn kemur víðar að. Þar starfa nú um 40 manns af 20 þjóðernum. Í húsinu fara fram námskeið í finnsku (upp í tvö ár að lengd) og þar er upplýsingagjöf um finnskt þjóðfélag o.fl. Alþjóðahúsið býður upp á tulkapjónustu, veitir ýmiss konar ráðgjöf og útvegar tímabundin störf til að koma útlendingum út í atvinnulífið, auk þess sem þar er rekið kaffihús og haldnar hátíðir, tónleikar, sýningar og fyrirlestrar um ýmis efni. Nýjasta verkefnið er að bjóða innflytjendum upp á starfsþjálfun úti í atvinnulífinu samkvæmt starfsþjálfunarsamningi í samvinnu við framhaldsskóladeild fræðsluskrifstofu borgarinnar. Gestir alþjóðahússins voru um 240 þúsund árið 2000.

Áhrif

Í ferðinni sáu gestirnir frá Íslandi að áherslur í aðlögun, menntun og félagslegum stuðningi við innflytjendur eru svipaðar á Íslandi og í Finnlandi. Samfélagslegur vandi sem fylgir flóttafólki er meiri en annarra innflytjenda og mun hærra hlutfall flóttamanna er í Finnlandi en á Íslandi. Í flestum skólum voru innflytjendur lítt sýnilegir gestum frá Íslandi. Einn grunnskóli skar sig úr að þessu leyti þar sem 25% nemenda voru innflytjendur.

IV. Velgengni í PISA - könnuninni

Eins og fram kom hér að framan var eitt markmið námsferðar til Helsinki að komast að ástæðum fyrir velgengni Finna í PISA-könnuninni svonefndu vorið 2000. Ekki fengust skýr svör við spurningum okkar um velgengni Finna í PISA-könnuninni. Oft kom fyrir að gestgjafar okkar sögðust hreinlega alls ekki vita hvers vegna þeir hefðu staðið sig svona vel. En almennt töldu þeir að velgengni þeirra í PISA-könnuninni



mætti skýra með markmiðum þeirra í skólamállum, aðalnámskránni og skólanámskrám. Margir nefndu góða kennaramenntun (5 ára meistaraþrófnám) og virka símenntun kennara. Einnig var nefnd sterk staða foreldra í námi nemenda, manneskjulegt matskerfi og samvinnu skóla við ýmsa aðila utan skólakerfisins. Þeir sögðust leggja áherslu á stærðfræði og náttúruvísindi, móðurmál og bókmenntir, samvinnu við bókasöfn, sjálfbæra þróun, virkni nemenda, jákvæða mismunun og sérstuðning og ráðgjöf. Einnig var nefnd sterk lestrarhefð í finnsku samfélagi og sterk samsvörun ritmáls við mælt mál. Þannig liggur ekki alveg ljóst fyrir hvert svarið við spurningu okkar var.

V Heimsóknir í skóla

Kruununhaan yläaste (13-15 ára nemendur)

Heimilisfang: Snellmaninkatu 18,
00170 Helsinki

Skólustjóri: Soili Lahti

Netfang: soili.la.lahti@edu.hel.fi

Heimasíða: www.kruuy.edu.hel.fi

Nemendafjöldi: 500

Fjöldi umsjónarhópa: 22

Fjöldi kennara: 42

Aðrir starfsmenn: 12



1.

Kruununhaan er unglingaskóli fyrir nemendur á aldrinum 13–15 ára (7.-9. bekkur). Skólinn er staðsettur í miðborg Helsinki, en þar sem húsnæði er dýrt í nágrenni skólans eru ekki margir nemendur í skólahverfinu þannig að skólinn hefur þurft að sérhæfa sig til þess að laða til sín nemendur. U.þ.b. 500 nemendur eru í skólanum alls staðar að úr Helsinki. Alltaf sækja fleiri um skólavist en komast að. Um 80% nemenda eru stúlkur en 20% nemenda eru drengir. Mjög fáir nýbúar eru í þessum skóla.

Skólinn er í byggingu sem er yfir 100 ára gömul en er aðeins búinn að vera staðsettur þar í 20 ár. Byggingin er á fjórum hæðum og eru þar 27 kennslustofur auk tölvuvers með 18 tölvum. Bókasafnið er fremur lítið með fáum bókum því aðaláherslan hefur verið á tölvukaup og voru 8 tölvur á bókasafni. Heimilisfræðistofur eru tvær. Matsalur tekur 100 manns og er stundum kennt þar líka, einnig er matast á göngum fyrir framan eldhúsið. Þarf því að skipta nemendum í hópa á matmálstímum.

2.

Skóladagatal fyrir skólaárið 2001-2002.

Haustönn: 15.08.2001 til og með 21.12.2001

Vorönn: 07.01.2002 til og með 01.06.2002

Skólafrí:

Haustfrí 22.10.2001

Jólafrí 22.12.2001 – 04.01.2002

Vetrarfrí 18.02.2002 – 23.02.2002

Páskafrí 29.03.2002 – 01.04.2002

Skólaárinu er skipt upp í 6 tímabil en alls eru 190 skóladagar:

I 15.08.2001 – 25.09.2001

II 26.09.2001 – 07.11.2001

III 08.11.2001 – 21.12.2001

IV 07.01.2002 – 15.02.2002

V 25.02.2002 – 12.04.2002

VI 15.04.2002 – 01.06.2002

Foreldraviðtöl fara fram að kvöldi til og eru þau inni í vinnutíma kennara, hvert viðtal tekur 10-15 mínútur en þau geta tekið lengri tíma í einstaka tilvikum, einnig fara samskipti við foreldra töluvert fram í gegnum netið.

Hver kennslustund er 45 mínútur og skiptist dagurinn þannig:

1. tími	8:00 – 8:45	
	8:45 – 8:50	tími til að skipta um stofu
2. tími	8:50 – 9:35	
	9:35 – 9:50	frímínútur
3. tími	9:50 – 10:35	
	10:35 – 10:40	tími til að skipta um stofu
4. tími	10:40 – 11:25	
	11:25 – 12:00	MATARTÍMI
5. tími	12:00 – 12:45	
	12:45 – 12:50	tími til að skipta um stofu
6. tími	12:50 – 13:35	
	13:35 – 13:50	frímínútur
7. tími	13:50 – 14:35	
	14:35 – 14:40	tími til að skipta um stofu
8. tími	14:40 – 15:25	

Kennslustundafjöldi á viku er eftirfarandi:

	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur
Kjarnagreinar	27 – 28	22	22
Valgreinar	2 – 4	8 – 10	8 – 10
Alls	30 – 31 st.	30 – 32 st.	30 – 32 st. ³

3.

Skólinn hefur sérhæft sig í þremur greinum og sækja nemendur sérstaklega um viðbótartíma í þeim. Þessar greinar eru **dans, tónlist og stærðfræði**. Töluvert fleiri sækja um en komast að á hverju ári en umsóknir koma alls staðar að úr Helsinki. Tónmenntastofan er mjög vel útbúin hljóðfærum og tölvubúnaði og þar semja nemendur sína eigin tónlist.

Ekkert bekkjarkerfi er í skólanum, en raðað er í námshópa eftir valgreinum og hefur hver hópur sinn umsjónarkennara. Allir kennarar eru sérmenntaðir í sínum greinum og kennir hver kennari 1-3 námsgreinar. Kennarar fylgjast mjög vel með nemendum sínum og gera einstaklingsnámskrár fyrir þá.

³ 30 stundir sem eru 45 mín. að lengd samsvara tæplega 34 stundum sem eru 40 mín. að lengd. Nemendur í þessum árgöngum eru því færri stundir á viku í skólanum en hjá okkur.

Meri-Rastila (7- 12 ára nemendur)

Heimilisfang: Jaluspolku 3,
Meri-Rastila, Helsinki
Skólastjóri: Jukka Ahonen
Netfang: jukka.ahonen@edu.hel.fi
Nemendafjöldi: 380
Fjöldi kennara: 30
Stærð skólans: 4 837 fermetrar.

Meri-Rastila skólinn er grunnskóli fyrir 7 til 12 ára nemendur. Í skólanum eru 18 bekkjardeildir og við hann starfa 30 kennarar. Skólaárið er frá 15. ágúst til 1. júní ár hvert. Um 25% af nemendum eru nýbúar. Flestir eru frá Rússlandi, Sómalíu, Króatíu, Eistlandi og Víetnam. Nýbúar fá tvær kennslustundir á viku í móðurmáli sínu í skólanum.

Skólabyggingin er 10 ára gömul. Kennslustofum er mjög haganlega fyrir komið og þær eru bjartar og notalegar. Gluggar eru á kennslustofum frá gangi svo hægt er að fylgjast með nemendum og kennslu. Nettengdar tölvur eru í hverri kennslustofu.

Miklir félagslegir erfiðleikar eru í hverfinu að sögn aðstoðarskólastjóra. Óregla og eiturlyfjanotkun aðstandenda barnanna hefur mikil áhrif á hegðun og námsárangur nemenda. Fleiri stuðningsfulltrúar eru við störf í skólanum en í öðrum skólum vegna vandamála. Nemendur þurfa greiningu frá sálfræðingum til að komast í sérúrræði.

Einn bekkurinn var aðeins fyrir innflytjendur sem ekkert kunna í finnsku en í honum getur hver nemenda þó í mesta lagi verið í eitt ár. Eftir það fá þeir tvo sérkennslutíma á viku í finnsku þar til þeir hafa náð tókum á málinu. Ef nemendum gengur mjög illa eru þeir látnir sitja eftir og vera í sama bekk næsta ár. Kennarar og skólastjóri taka þá ákvörðun í samráði við foreldra.



Tveir sérkennarar eru í fullu starfi við skólann, staða hjúkrunarfræðings er um 40% og staða félagsfræðings einnig um 40%. Nemendaverndarráð starfar við skólann. Bekkjarkennari kennir öll fög og því starfar enginn sérgreinakennari við skólann. Kennsla hefst kl. 8:00 á morgnana og kennt er til kl.13:00 eða 15:00. Allir nemendur fá heitan mat í hádeginu og er maturinn kostaður af borginni. Í skólanum er deild með mjög fötluðum einstaklingum. Þar eru um 10 nemendur og svipaður fjöldi af starfsfólki og kennurum. Sérdeild er einnig fyrir nemendur sem hafa ekki burði til að stunda nám í hefðbundnum bekk vegna mjög mikilla hegðunarerfiðleika og eru mjög illa settir námslega.

Kennsluskylda kennara í fullu starfi er 24 x 45 mín. á viku.⁴ Þriggja tíma samstarfsfundur er einu sinni í viku. Lögð er áhersla á gott foreldrasamstarf. Þegar nemendur

⁴ Samsvarar 27 kennslustundum sem eru 40 mín.

koma í skólann í ágúst er kynning á skólanámskrá fyrir foreldra. Áætlun vetrar er munnleg. Kennarar og nemendur meta saman námsárangur nemenda. Einn dag í nóvember og annan í maí er kennsla í aðeins þrjár klukkustundir. Það sem eftir er dagsins og fram á kvöld eru foreldraviðtöl í tengslum við vitnisburðargjöf u.þ.b. 40 mínútur fyrir foreldra hvers barns. Í mars er fundað með þeim foreldrum sem á þarf að halda en ekki foreldrum allra nemenda skólans.

Skrifleg námsáætlun er gerð á þriggja ára fresti. Þess á milli er námsáætlun skoðuð og smábreytingar gerðar árlega ef með þarf. Skólanefnd starfar við skólann. Í skólanefndinni eru 8 foreldrar og 2 fastráðnir kennarar. Skólastjóri er ritari nefndarinnar. Nefndin kemur saman u.þ.b. 5 sinnum á ári. Skólastjórn og kennarar eru ánægðir með fyrirkomulagið.

Félagsmiðstöð fyrir börn yngri en 13 ára er tengd skólahúsinu. Þangað geta nemendur farið í dagvist eftir skólatíma til kl. 17:00. Félagsmiðstöðin er mjög rúmgóð og vel að öllu staði til félagsstarfa fyrir börn á þeim aldri sem hún er ætluð. Sameiginlegt útileiksvæði og mötuneyti er fyrir skólann og félagsmiðstöðina.

Áshöjden skole (7-15 ára nemendur)

Heimilisfang: Storegatan 6
Skólastjóri: Kerstin Meinander
Netfang: kerstin.meinander@edu.hel.fi
Heimasíða: www.ash.edu.hel.fi
Nemendafjöldi: 170 – 210
Fjöldi kennara: 29
Aðrir starfsmenn: 8



Einkunnarorð skólans eru: **Att ge elevarna rötter och vinger.** Þau er skýrð þannig að ræturnar skuli vera: Undirstöðuþekking, verkfærni, og sterk málvitund og sjálfsvitund. Vængirnir skulu vera til að njóta fegurðar, leið til að ná markmiðum, gleðjast yfir leystum verkefnum og til að efla eigin þroska.

Skólinn er fyrir sænskumælandi nemendur. Hann skiptist í þrennt. Meginhlutinn er unglingskóli, 7.-9. bekkur sem tekur við nemendum víða að. Þar eru 168 nemendur en einnig eru 30 nemendur úr næsta nágrenni í 1. – 6 bekk og 11 eru í leikskóladeild. Einnig er 10. bekkur sem er sá eini fyrir sænskumælandi nemendur í Helsinki. Þessi bekkur er fyrir nemendur sem þurfa að bæta stöðu sína í náminu. Þá er einnig svonefndur „nätclass” í skólanum, sérdeild með mest 5 nemendum sem fá sérstaka kennslu í bóklegum greinum (16 stundir í viku) en fylgja öðrum nemendum í verklegum greinum auk þess að vinna að verkefnum utan skólans.



Skólahúsið var byggt 1957 og síðan gert upp árin 1987-90. Í skólanum er eldhús og sérstakur matsalur. Húsnæðið þætti ekki til fyrirmyndar hjá okkur og verið var að vinna að miklum viðgerðum utanhúss vegna leka af völdum grunnvatns og búið að grafa frá flestum veggjum skólans.

Þar sem skólinn er fyrir sænska minnihlutann er fátt innflytjenda í honum, einn í 7. bekk og tveir á barnastiginu. Mikil rækt er lögð við stærðfræðikennslu og kennarar þar hafa tekið þátt í þróunarverkefni í stærðfræðikennslu og unnið að gerð kennslutækja í stærðfræði. Kennarar á unglíngastiginu hafa haldið námskeið fyrir kennara barnastigsins enda er ætlast til að kennarar á unglíngastigi hafi sérmenntun í sinni kennslugrein. Stærðfræðikennarinn sem við ræddum við hafði lokið 5 ára kennaranámi með sérstakri áherslu á stærðfræði og raungreinar.

Sérkennarar skólans vinna mest með móðurmál, stærðfræði og ensku. Nemendur eru þá ýmist teknir út úr tímum eða í viðbótartíma eftir skóla, oftast nokkrir saman rétt eins og við þekkjum. Um 20% nemenda koma eitthvað í sérkennslu. Auk þess eru sérdeildir fyrir nemendur sem þurfa mikla sérþjónustu og eru 2,8% nemenda í þeim. Fram kom að þrátt fyrir að stefnan væri blöndun þá væru uppi efasemdir um ágæti þeirrar stefnu.

Í unglíngadeildum sækja nemendur 30 stundir (45 mín. hver) á viku. Skólinn var settur 15. ágúst og slitið 1. júní. Frí var dagana 6. og 7. desember og 18.–22. febrúar var vetrarfrí. Jólafrí 22. desember til 6. janúar. Páskafrí var frá 28. mars til 1. apríl eða aðeins 5 dagar. Vetrinum er skipt í 6 tímabil en einkunnir gefnar í tölum þrisvar á vetri.

Kennsluskylda kennara er mismunandi eftir greinum á unglíngastigi. Í móðurmáli er hún 17 stundir á viku⁵, stærðfræði og ensku 19 stundir⁶, líffræði og sögu 22 stundir⁷, í íþróttum 23-24 stundir⁸.

Í anddyri skólans var verið að kynna tillögur nemenda að breytingum á anddyrinu og stóð fyrir dyrum að kynna þær fyrir borgarstjóranum og fleiri pólitíkusum á stórum fundi þar sem nemendur úr fleiri skólum áttu að koma með tillögur um úrbætur hjá sér. Einnig voru í anddyrinu upplýsingar frá vinaskóla á Indlandi. Þegar skólinn var heimsóttur stóð 7. bekkur fyrir morgunstund á sal þar sem sagðar voru helstu fréttir úr skólalífínu. Slíkar morgunstundir eru fastur liður í skólastarfinu og skiptast elstu bekkirnir á um að sjá um þær.

Topparinmäen (7-15 ára nemendur)

Heimilisfang: Övre Fallsvägen
54, Torparbacken (Ylä-Fallintie
54)

Skólustjóri: Osmo Korhonen

Netfang:

osmo.korhonen@edu.hel.fi

Heimasíða:

<http://www.torppk.edu.hel.fi/>

Nemendafjöldi: 380

Stærð skólans: 4 837 fermetrar.



Skólinn er í úthverfi Helsinki og hefur starfað í þrjú ár. Hann er fyrsti skólinn sem er sérstaklega hannaður og byggður sem heildstæður skóli í Helsinki. Hann er í

⁵ Samsvarar 19,1 stund sem er 40 mín.


⁶ Samsvarar 21,4 stundum sem eru 40 mín.

⁷ Samsvarar 24,8 stundum sem eru 40 mín.

⁸ Samsvarar 25,9-27 stundum sem eru 40 mín.

glæsilegu sporöskjulaga stálgrindahúsi. Hönnun þess hófst með vinnu hóps skólafólks undir forystu núverandi skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og þegar hópurinn hafði komist að niðurstöðu um forsendur þá var ráðinn arkitekt til að teikna hús miðað við þær. Skólinn er hannaður fyrir allt að 450 nemendur en nú eru í honum 380 nemendur. Bekkjardeildir eru 18 og tvær sérdeildir. Byggingin er 4.837 fermetrar og 25.530 rúmmetrar. Kjarninn og hjarta hússins er fjölnota salur, Agora, með göngurými umhverfis. Þaðan er gengið inni kennslurýmin. Veggir stofanna út að göngurýminu eru með gluggum þannig að vel sést inn í stofurnar. Kennslustofurnar eru á tveimur hæðum er salurinn er opinn upp úr þannig að lofthæð í honum er mikil og sést niður í hann af göngurýminu á annarri hæð. Galvaniserað stál og gráir litir einkenna húsið að innan. Skólinn er hugsaður sem miðstöð hverfisins bæði fyrir unga sem aldna. Sérstakt húsnæði er fyrir frístundastarfsemi nemenda en á skólatíma er það notað fyrir tónlistarkennslu.

Athygli vakti frábær aðstaða fyrir list- og verkgreinar enda yfirlýst áhersla á þær greinar. Í skólanum er myndmennta- og keramikstofa, textilstofa, mjög vel búin smíðastofa og sérstök stofa fyrir vélaviðgerðir. Þar voru nemendur að huga að skellinöðrum sínum.



Salurinn rúmar 150 manns í mat í einu og gekk afgreiðsla þar mjög hratt og vel fyrir sig. Eldhúsið er dálítið til hliðar við salinn en síðan er afgreiðsluborðum á hjólum, bæði fyrir heitan og kældan mat, ekið inn að salnum og þar skömmtuðu nemendur sér sjálfir mat. Starfsfólk borðar með nemendum. Tölvur eru víða í gangarými skólans, nokkrar saman á hverjum stað. Nemendur gera samning um notkun á tölvunum og áhersla er lögð á rétt þeirra til tölvuaðgengis en um leið skyldur varðandi umgengni við þær. Þetta hefur borið mjög góðan árangur og á þremur árum hefur það helst farið úrskeiðis að þrjár mýs hafa glatast.

Íþróttasalur er í skólanum, vel búinn tækjum en ekki stór sem boltasalur. Nemendur voru í ýmsum æfingum, klæðnaður fjölbreyttur og greinilega ekki samhæfður. Sund er kennt í 5 sérstökum tímum á vetri og til viðbótar fer íþróttakennari skólans þrisvar með nemendur í sund.

Áhersla er lögð á valgreinar í eldri bekkjum. Val byrjar á tveimur stundum í viku í 5. bekk og er allt að 6 stundum í 9. bekk.

Rík áhersla er lögð á tengsl við önnur lönd og gestagangur í skólanum er mikill. Í þessum mánuði var reiknað með 150 gestum til að skoða skólann. Skólastjórinn var á ferð erlendis en aðstoðarskólastjórinn tók á móti okkur. Hún kvaðst kenna 20 stundir og væri vinnuálagið mikið, hún hefði gengið fram af sér og þurft hvíld um skeið.

Heildaráhrif af skoðun á skólanum voru að þarna væri húsnæði sem sameinaði frábæra byggingarlist og ekki síður einstaklega gott og hentugt húsnæði til þeirra starfa sem það væri ætlað í. Aðspurð taldi aðstoðarskólastjórinn að byggingin væri aðeins í meðallagi dýr. Því er ástæða til að vekja athygli á hvernig hún var undirbúin þar sem notagildið fyrir skólastarfið var sett í forgang og byggingaraðilar unnu síðan

samkvæmt þeirri forskrift (sambærileg vinnubrögð og viðhöfð voru við undirbúning Ingunnarskóla og Korpuskóla í Reykjavík).

Alppilan (13-15 ára nemendur)

Heimilisfang: Tammissaarenkatu 2
(Ekenäsgatan 2), Alphyddan
Skólastjóri: Aulikki Kalalahti
Netfang: aulikki.kalalahti@edu.hel.fi
Heimasíða: www.alppy.edu.hel.fi/
Nemendafjöldi: 442
Fjöldi kennara: 44
Aðrir starfsmenn: 15
Stærð skólans: 4.725 fermetrar.



Skólinn er unglingaskóli, nemendur á aldrinum 13 til 16 ára. Þetta er eini skólinn í Helsinki fyrir þetta aldersstig sem er með áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í fimm kennslutímabil eða kennsluannir. Skólinn býður upp á mjög fjölbreytt námsframboð og margar valgreinar og nemendur setja sjálfir saman sínar námsbrautir. Nemendur ráða hraðanum, geta bætt við fjórða árinu eða lokið námi á tveimur árum ef þeim sýnist svo. Þeir geta lokið kjarnanum og verið síðan í valgreinum. Kennarar eru 44 og aðrir starfsmenn 15 þar af starfa 5 í mötuneyti skólans. Boðið er upp á hádegismat eins og í öðrum skólum í Finnlandi. Af 442 nemendum voru 80 með sérþarfir og komu þeir úr allri borginni. Sérþarfir þeirra voru yfirleitt læknisfræðilega greindar og fær skólinn viðbótarfjármagn vegna þeirra, yfirleitt 15–20% álag í grunninn en það getur farið upp í tvöföldun á grunnkostnaði vegna þyngstu tilfellanna.



Við skólann eru tvær 10 manna sérdeildir fyrir nemendur úr allri borginni, en öðrum nemendum með sérþarfir er blandað í námshópa. Nemendur í sérdeildum fara reglulega í atvinnukynningar, tvær í hverri viku og er það hluti af náminu. Samvinna við atvinnufyrirtækin gengur mjög vel. Framhaldsnám er mögulegt að loknu námi í sérdeildunum. Þetta sérdeildafyrirkomulag er 10 ára gamalt verkefni og alls eru 30 sérdeildir af þessum toga í öllu landinu. Þegar nemendur

koma í sérdeildina er gerð áætlun um hvernig þeir komist í gegnum skólann og síðan inn í framhaldsskóla, sérstaklega verknámsskóla, ef mögulegt er. Þessi skipulagsvinna er m.a. unnin með félagsráðgjöfum og æskulýðsráðgjafa og vinna þeir í samvinnu við deildirnar.

Skólinn leggur mikla áherslu á tungumálakennslu og er boðið upp á kennslu í 6 tungumálum. Alppilan skóli er hverfisskóli en um helmingur nemenda kemur úr öðrum skólahverfum.

Nemendaskápar eru fyrir alla nemendur en þrátt fyrir það eru allir á skóm inni og úlpur hengdar á stólbök. Umgengni var þó mjög góð.

Kennslustundir eru 56 mínútur síðan er 8 mínútna hlé og aftur 56 mínútur. Þar með lýkur lotunni. 11 slíkar lotur eru í hverri viku hjá hverjum nemanda. Eyður geta verið milli lota. Sjónvarp er í hverri kennslustofu og er skólasjónvarp á hverjum morgni. Þar fer fram bein kennsla ásamt því að nemendur semja efni og taka upp myndir sem sýndar eru í skólasjónvarpinu. Skólinn er mjög vel búinn tölvum og eru þær víða í skólanum en þó eru tvær sérstakar tölvustofur.

Húsnæði skólans hefur verið mikið endurnýjað og er mjög gott, en fram kom í heimsókninni að það er samnýtt með menntaskóla fyrir 400 nemendur og töldu skólastjórnendur vera 200 nemendum of mikið í húsnæðinu. Aðstaða kennara er langt fyrir neðan það sem við eigum að venjast. Laun kennara fyrir þetta aldurstig eru um 2.300 evrur á mánuði⁹ og skattar um 30%.

Maunulan Yhteiskoulun yläaste (13-19 ára nemendur)

Heimilisfang: Kuusikkotie 3
(Grandungevägen 3)
Skólastjóri: Jouko Jauhiainen
Netfang: mayk@mayk.edu.hel.fi
Heimasíða: www.mayk.edu.hel.fi
Nemendafjöldi: 750 með framhaldsstigi



Skólinn er einkaskóli og var stofnaður árið 1913 í Viipuri sem nú er hluti Rússlands. Í seinni heimstyrjöldinni var skólinn fluttur til miðborgar Helsinki og árið 1959 í úthverfið sem hann starfar nú. Fjöldi nemenda hefur tvöfaldast á seinustu 10 árum og er það fyrst og fremst vegna sérhæfingar skólans. Skólinn er í „fátækrahverfi“ en mjög stór hluti nemenda kemur úr öðrum hverfum Helsinki (60-70%).



Í skólanum eru 750 nemendur á tveimur skólastigum, unglingsstigi (13-16 ára) og framhaldsskólastigi (16-19 ára). Á unglingsstigi sérhæfir skólinn sig í stærðfræði, tónlist, íþróttum og listum. Einnig eru þeir með alþjóðlega bekk og svo 10. bekk. Á framhaldsskólastigi er almenn deild og stærðfræðideild.

Í alþjóðlegu bekkjunum eru nemendur af 10 þjóðernum og kennararnir eru bæði Finnar og kennarar sem hafa ensku að móðurmáli. Í alþjóðlega bekknum er finnska kennd sem annað tungumál og stærstur hluti kennslunnar fer fram á ensku. Í sumum valfögum eru blandaðir hópar alþjóðlegra nemenda og almennra.



⁹ Ein evra var 87,83 kr. í apríl 2002. Þessi upphæð jafngilti því um 202.000 ísl. kr.

Nemendur í skólanum hafa tekið þátt í fjölmörgum samevrópskum og alþjóðlegum verkefnum. Skólinn er sérstaklega athyglisverður fyrir þá sem vilja skoða alþjóðaskóla, alþjóðasamstarf, tónlistarkennslu og stærðfræði.

Siltamäen (7-12 ára nemendur)

Skólastjóri: Anna-Mari Jaatinen
Netfang: anna-mari.jaatinen@edu.hel.fi
Heimasíða: www.silta.edu.hel.fi
Nemendafjöldi: 320 í 13 deildum í 1. – 6. bekk
Fjöldi kennara: 18



Siltamäen skólinn er almennur skóli. Í honum eru 320 nemendur á aldrinum 7-12 ára. Félaglegt umhverfi skólans er gott og fáir innflytjendur í hverfinu. Skólinn leggur sérstaka áherslu á framkomu og samskipti nemenda. Mikil áhersla er lögð á að virkja nemendur í öllu skólastarfi t.d. starfa nemendur sem dyraverðir (12 ára bekkur) og þegar gestir koma í heimsókn þá eru nemendur ætíð í fylgdarliði.

Etu – Töölön (13-19 ára nemendur)

Heimilisfang: Arkadiagatan 26, Främre Tölö, Helsingfors
Skólastjóri: Päivi Mäkelä
Netfang: paivi.makela@edu.hel.fi
Heimasíða: www.tyly.edu.hel.fi
Nemendafjöldi: 250 í 7. – 9. bekk
Fjöldi kennara: 30



Í skólanum voru 250 nemendur í 7.-9. bekk (samsvarar 8.–10. hjá okkur). Aðeins átta nýbúar voru meðal nemenda. Það sem einkennir þennan skóla er að hann er í sama húsnæði og að hluta með sama starfsfólk (kennara og aðra) og 400 nemenda framhaldsskóli. Nemendur í þeim skóla eru 16-19 ára, þannig að líta má á skólann sem sameiginlegan unglinga- og menntaskóla. Kennarar voru 30 þar af fjórir karlar.

Kennslustundafjöldi í árgöngum var á bilinu 29-30¹⁰ og í einstöku greinum, t.d. móðurmáli þrjár stundir og líka þrjár í stærðfræði. Þetta eru miklu færri stundir en við þekkjum hér. Aftur á móti virðist betur gert við nemendur í list- og verkgreinum en tíðkast í okkar skólakerfi. Stundafjöldi í erlendum málum er tvær vikustundir í hverju. Fyrsta erlenda mál er enska. Síðan koma þýska og spænska. Allir nemendur í skólum í Finnlandi verða að læra sænsku frá níu ára aldri.

¹⁰ Samsvarar 32,6 til 33,8 stundum sem eru 40 mín.

VI Samantekt og samanburður við Reykjavík

Skólakerfi

Í stórum dráttum eru skólakerfi Finnlands og Íslandi talsvert lík, almennt séð. Bæði löndin hafa almennan grunnskóla í 9 til 10 ár þar sem engin flokkun fer fram, en skólaskylda byrjar ári fyrr hjá okkur. Sex ára börn í Finnlandi eiga rétt á forskóla ýmist í leikskólum eða forskólabekkjum í grunnskólum (4 stundir á dag). Skólaárið er 10 dögum lengra í Finnlandi en á Íslandi, en skóladagur nemenda í öllum árgöngum talsvert lengri hjá okkur, einkum í sex fyrstu bekkjunum.



Nýjustu skólar í Helsinki eru með alla grunnskólabekki í sömu byggingu. Bæði lönd leggja áherslu á að allir nemendur hafi sömu tækifæri til náms í heimaskóla, og í báðum löndum geta nemendur sótt um skólavist annars staðar innan sama sveitarfélags. Í báðum löndum ganga 90-95% nemenda í leikskóla árið á undan grunnskóla.

Í Finnlandi og á Íslandi tekur 3 til 4 ára framhaldsskóli við af grunnskólanum sem er opinn öllum nemendum en þó ekki allar námsbrautir. Framhaldsskóli þessara landa skiptist í megindráttum í bóklegt akademískt nám sem um helmingur hvers árgangs lýkur og starfsmenntun. Talsvert fleiri ljúka starfsmenntun í Finnlandi (um 30%) en á Íslandi (um 12%). Brottfall úr framhaldsskóla er mun meira á Íslandi en í Finnlandi.

Innganga í háskóla í Finnlandi er takmörkuð við einkunnir úr framhaldsskóla og komast mun færri að en vilja, en háskólar á Íslandi hafa hingað til verið meira og minna opnir öllum sem lokið hafa stúdentsprófi. Þrátt fyrir þennan mun er hlutfall árgangs sem lýkur háskólanámi svipaður í báðum löndum eða um 25-30%. Kennaramenntun er mun lengri í Finnlandi en á Íslandi. Í Finnlandi miðast kennarapróf við masterspróf og er því um 5 ára að lengd. Hjá okkur er það þrjú ár og nú hafa kennarar tök á að ljúka mastersprófi meðfram starfi. Möguleiki á námsorlofi í eitt ár eftir starf í ákveðinni árafjölda eins og er hjá okkur er ekki í Finnlandi.

Mönnun skólanna

Mönnun var greinilega minni í Helsinki skólunum átta sem heimsóttir voru en við eigum að venjast í Reykjavíkurskólum. Þar munaði mest um stjórn-endur en einnig aðra starfsmenn en kennara. Hlutfall nemenda á kennara er svipað á öðrum Norðurlöndum og hjá okkur í Reykjavík. Helsinki skólarnir höfðu námsráðgjafa/félagsráðgjafa og ritara og nutu þjónustu sálfræðinga og hjúkrunar-fræðinga eins og okkar skólar.



Aðstoðarkennarar eða stuðningsfulltrúar eru í skólum beggja borga en skólaliðar eða aðrir starfsmenn virðast fleiri hjá okkur. Í Helsinki sinna þeir þrifum og mótuneyti en eru einnig á göngum hjá okkur einkum til að sinna nemendum utan kennslustunda.

Húsnæði og búnaður



Þegar bornar eru saman nýlegar skólabyggingar í Helsinki og Reykjavík verður ekki annað séð en þær séu all sambærilegar. Hvað varðar eldri byggingar hallaði á Helsinki. Við sáum engin rými í skólum í Helsinki sem ekki eru í nýjum skólum hjá okkur. Við virðumst hafa meira rými fyrir vinnuaðstöðu kennara og kennarastofur og gjarnan stærri íþróttasali. Aftur á móti er mótuneyti í öllum skólum í Helsinki og

hafa verið um áraraddir. Þeir hafa ýmist framleiðslueldhús eins og við stefnum að eða móttökueldhús. Í þeim skólum sem við heimsóttum mötudust nemendur og stafsmenn skólanna í samkomusölum eða stofum sem teknar höfðu verið undir mataraðstöðu. Skólastofur í nýjum skólum eru af svipaðri stærð í báðum borgum eða um 60m². Við sáum hvergi sundlaug í skóla. Það sem vakti einkum athygli okkar var að skólabókasöfnum var ekki gert hátt undir höfði. Sérstök tómsundaheimili voru við suma skóla sem við heimsóttum. Í stuttu máli má segja að nýjasti skólinn sem við sáum, sem var þriggja ára gamall, svipaði til Ingunnarskóla, t.d. hvað varðar stórt miðrými og kennslurými út frá því.

Húsgögn í skólunum átta í Helsinki sem við heimsóttum voru einfaldari en við eigum að venjast í nýjum byggingum hjá okkur. Þau voru ekki bólstruð og sjaldan stillanleg. Borð voru gjarnan minni og færanlegri.

Tölvueign virtist svipuð í skólum sem heimsóttir voru og er hjá okkur. Gjarnan voru um tvær tölvur í stofu og tölvustofa eða tölvueyjar á göngum og opnum svæðum. Ekki virtist lögð áhersla á að kennarar hefðu sína eigin tölvu í skólanum en kennarar sem öðlast svonefnt tölvuökuskírteini fá fartölvu til eigin afnota. Minnihluti kennara hefur enn náð þeirri tölvuleikni sem þarf til svo þeir öðlist þetta skírteini. Svona ökuskírteini á tölvur var kynnt í Reykjavík sl. vetur.



Oft var nefnt að áhersla væri á verk- og listgreinar í skólum borgarinnar og virtist hún svipuð og hjá okkur hvað varðar bæði aðbúnað og tímafjölda á viku.

Stuðningur við erlenda nemendur í skólum

Stuðningur við nemendur með annað móðurmál en finnsku í Helsinki er að mörgu leyti svipaður og hjá okkur, en það sem var gjörólíkt var áhersla þeirra í Helsinki á að kenna erlendum börnum og unglingum móðurmál sitt í skólum.

Það er talsvert umdeilt í heiminum hvort mikilvægt sé að innflytjendur haldi við móðurmáli sínu eftir að þeir hafa sest að í nýju landi eða hvort fyrst og fremst eigi að leggja áherslu á að kenna innflytjendum opinbera málið í nýja landinu. Rök þeirra sem styðja fyrrnefndu leiðina eru að ekki sé unnt að ná árangri hvað varðar orðaforða, hugtök og málskilning í erlendu tungumáli nema viðkomandi hafi eigið móðurmál vel á valdi sínu. Sé þessi þekking ekki fyrir hendi nái viðkomandi einstaklingur aldrei góðu valdi á nýja málinu. Rök þeirra sem fyrst og fremst vilja leggja áherslu á kennslu í nýja málinu eru að það sé besta leiðin fyrir innflytjendur til að samlagast nýja landinu, annars sé meiri hættu á einangrun. Bandaríkin og Kanda hafa fyrst og fremst farið þessa leið og það höfum við gert hér á landi fram að þessu.

Finnar hafa móttökudeildir fyrir útlendinga í grunnskólum í eitt ár eins og við höfum í Reykjavík þar sem lögð er áhersla á tungumál og samfélag nýja landsins. Síðan tekur við nám í almennum námshópum, en auk þess kennsla í finnsku fyrir útlendinga, sbr. fyrirkomulag hjá okkur.

Alþjóðleg borg

Áhugavert var að kynnast áherslu skóla og borgaryfir-valda á fjölþjóðlega borg. Á fræðslu-skrifstofu borgarinnar starfar alþjóðafulltrúi sem hefur m.a. það hlutverk að taka á móti erlendum gestum, skipuleggja kynnisferðir til útlanda og veita skólum upplýsingar og aðstoð vegna fjölþjóðlegs samstarfs. Alþjóðahúsið sem hópurinn heimsótti var einnig dæmi um þetta.



Lokaorð

Heimsóknir af því tagi sem hér hefur verið lýst, skila alltaf árangri, annaðhvort með því að ferðalangarnir læra eitthvað nýtt sem þeir innleiða í sína skóla eða allt kerfið, eða þá að menn komast að því að þeir séu að gera vel í sínum skólum eða í málaflokknum í heild.

Það sem vakti e.t.v. mesta athygli okkar í þessari ferð var hversu vel reykvískir skólar og skólakerfi okkar í Reykjavík stenst samanburð við finnska skóla. Þótt alltaf sé hægt að gera betur þá er ljóst að grunnskólar í Reykjavík standa grunnskólum í Helsinki fyllilega á sporði hvað varðar fjölmargt, s.s. húsnæði, aðbúnað, mönnun, fjármagn, stjórnunaraðbúnað og fleira.

Það má þó ekki verða til þess að við höllum okkur afturábak og hættum því metnaðarfulla framfarastarfi sem er í gangi í grunnskólum Reykjavíkur.

